**Iðkenda & húsreglur Gerplu**

1. Nemendur skulu mættir til íþróttaiðkana á réttum tíma.
2. Útiskó skal setja upp í skógeymslu og föt skulu hengd upp á snaga í búningsklefum.
3. Engin ábyrgð er tekin á verðmætum, skóm eða fötum.
4. Öll notkun tóbaks og tyggigúmmís er stranglega bönnuð.
5. Stranglega bannað er að fara með drykki eða matvöru, inn í íþróttasal eða búningsklefa.
6. Að loknum íþróttaæfingum fari skólanemendur án tafar í bað, þurrki sig, klæðist og yfirgefi síðan húsið. Kennari getur veitt undanþágu frá baðskyldu ef þörf þykir.
7. Öll læti, átök eða hrindingar í búnings- og baðklefum eru stranglega bannaðar.
8. Enginn hópur má fara inn í íþróttasal fyrr en íþróttaþjálfari eða viðurkenndur æfingastjóri er mættur í sal.
9. Á íþróttaæfingu á að klæðast íþróttafötum.
10. Í íþróttasal má aðeins nota viðurkennda íþróttaskó, þó ekki með sólum sem hætt er við að liti eða rispi gólfið.
11. Fara skal varlega með öll áhöld í íþróttasal. Í lok hvers æfingatíma skal kennari/þjálfari sjá um að nemendur gangi snyrtilega frá öllum áhöldum og dýnum á sama stað og þau voru tekin.
12. Öll meðferð gleríláta í búningsklefum er stranglega bönnuð.
13. Þátttakendum í æfingatímum og íþróttaþjálfun ber undantekningalaust að hlýða tilmælum baðvarðar.
14. Hver sá sem brýtur þessar reglur eða veldur skemmdum á íþróttahúsinu eða fylgihlutum þess, skal bæta þær með fullu eftir mati stjórnar félagsins. Umráðamenn  einstaklings, flokks, félags eða stofnunar utan félagsins er tjóni veldur, bera fulla bótaskyldu og missir einstaklingurinn, flokkurinn, félagið eða stofnunin afnotarétt sinn, þar til viðgerð hefur farið fram og allar bætur eru að fullu greiddar.

Íþróttafélagið Gerpla